

## Ný stjórn Lánasjóðsins endurskoðar úthlutunarreglur

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur skipað nýja stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar er að fara yfir allar úthlutunarreglur lánasjóðsins og skoða þá stöðu sem margir námsmenn erlendis eru í. Leitað verður leiða til að laga [lánareglur LÍN](#) að efnahagsumhverfinu. Sérstaklega verður hugað að samspili atvinnuleysibóta og námslána.

Einnig er vilji ráðherra að stefna að heildarendurskoðun á lögum Lánasjóðsins með það að markmiði að bæta kjör námsmanna og laga stefnu sjóðsins að breyttum aðstæðum á vinnumarkaði. Hér er um langtímaáætlun að ræða til að tryggja kjör námsmanna frammi fyrir aðsteðjandi efnahagsvanda.

Vilji ráðherra er að hugað verði að heildarendurskoðun á lögum LÍN. Meðal þeirra atriða sem tekin verða sérstaklega til athugunar er hvort taka beri upp samtímagreiðslur til námsmanna í stað þess að greiða námslánin út í lok hverrar annar. Þessu fyrirkomulagi var komið á árið 1991 en fyrir þann tíma voru námslán greidd út mánaðarlega.

### Í stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna sitja nú:

- Haraldur Guðni Eirsson, formaður, án tilnefningar Varamaður hans er Halldór Grönvold.
- Auður Lilja Erlingsdóttir, varaformaður, án tilnefningar Varamaður hennar er Sæunn Stefánsdóttir.
- Finnur Friðriksson, án tilnefningar. Varamaður hans er Silja Bára Ómarsdóttir.
- Eyja Margrét Brynjarsdóttir, tilnefnd af fjármálaráðherra Varamaður hennar er Sigurður Haraldsson.
- Bergur Sigurjónsson, tilnefndur af Stúdentaráði Háskóla Íslands. Varamaður hans er Agnar Burgess.
- Ásgeir Þórarinn Ingvarsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra námsmanna erlendis. Varamaður hans er Hjördís Jónsdóttir.
- Rakei Lind Hauksdóttir, tilnefnd af Bandalagi íslenskra námsmanna. Varamaður hennar er Ása Dóra Finnbogadóttir.
- Sindri Rafn Þrastarson, tilnefndur af Sambandi íslenskra framhaldsskólanema. Varamaður hans er Sindri Snær Einarsson.



Á myndinni má sjá verðlaunahafa í eldvarnagetrauninni

## 112 dagurinn - Dagur neyðarnúmersins

Dagur neyðarnúmersins, 112-dagsins, var haldinn í fimmta sinn í gær. Að þessu sinni var dagurinn sérstaklega helgaður börnum og ungmennum, öryggi þeirra og velferð. Markmiðið var að vekja athygli á því víðtæka öryggiskerfi sem börn og ungmenni hafa aðgang að í gegnum neyðarnúmerið. Einnig vildu skipuleggjendur benda á leiðir fyrir börn og ungmenni til að taka þátt í starfi samtaka á sviði öryggis- og velferðarmála og stuðla þannig að eigin öryggi og annarra með þekkingu í skyndihjálpi, slysavörnum og eldvörnum. Í því skyni voru farnar heimsóknir í grunnskóla.

Í tilefni dagsins stóðu samstarfsaðilar hans fyrir sérstakri dagskrá í Björgunarmiðstöðinni í Skógarhlíð þar sem m.a. voru veitt verðlaun í árlegri eldvarnagetraun [Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna](#) sem nemendum í 3. bekk grunnskóla gefst kostur á að taka þátt í. Þá var útnefndur skyndihjálparmaður Rauða krossins.

Í ávarpi sem menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir hélt í tilefni dagsins kom m.a. fram að það er „hlutverk okkar sem fullorðins fólks að skapa mannúðlega og góða umgjörð um börnin okkar. Við setjum lög og reglur um velferð og hagsmuni barna og göngumst undir alþjóðlegar skuldbindingar í þágu barna með það að leiðarljósi að þeim líði sem best. Það er síðan hlutverk hinna fullorðnu að kenna börnum að hafa áhrif á öryggi sitt og umhverfi.“ Hún sagði að heimili og skóli væru mikilvægur vettvangur slíkrar fræðslu og að með forvörnum og fræðslu í skólum og á heimilum væri lagður grunnur að því að koma í veg fyrir slys og önnur óhöpp. Slík fræðsla skapar nauðsynlegan grunn sem mikilvægt er að fylgt sé eftir með úrræðum sem 112 vísar á.

## Styrkjum úthlutað til hátt í 100 menningarverkefna á Austurlandi

[Menningarráð Austurlands](#) úthlutaði nýlega styrkjum til hátt í hundrað menningarverkefna á Austurlandi, samtals að upphæð 30 milljónir króna. Hæstu styrkir námu einni milljón króna en þeir lægstu 100 þúsund krónum. Alls bárust menningarráðinu 140 styrkumsóknir að þessu sinni.

Ráðherrar menntamála og iðnaðar endurnýjuðu samstarfssamning ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál þann 9. janúar 2008 og gildir hann til ársloka 2010. Þetta er í niunda sinn sem úthlutað er styrkjum samkvæmt samstarfssamningi ríkis og sveitarfélaga en fyrsta úthlutun fór fram árið 2002. Þetta er í áttunda sinn sem

úthlutað er styrkjum samkvæmt samstarfssamningi ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi en fyrsta úthlutun fór fram 2002.

Af umsóknum og úthlutunum í ár má ráða að menningarstarfið á Austurlandi er blómlegt og víða að finna kraftmikla nýsköpun, hvort heldur er á sviði lista eða menningartengdrar ferðaþjónustu.

Úthlutunin fór fram við hátíðlega athöfn í Miklagarði á Vopnafirði að viðstöddu fjölmenni og ávarp flutti meðal annarra Ólöf Ýrr Atladóttir, nýskipaður ferðamálastjóri. Nánari upplýsingar um úthlutunina má nálgast á [vef Menningarráðsins](#).

## Lífshlaupið

Skráning í Lífshlaupið gengur vel þar sem 306 fyrirtæki og skólar hafa skráð 840 lið til leiks. Hægt verður að skrá fyrirtæki og skóla til þátttöku í Lífshlaupinu til 24. febrúar. Nánari upplýsingar má nálgast á [www.lifshlaupid.is](#)

